

## Kennararáð

### Efni fundar: Fyrirliggjandi dagskrá

Kópavogi, 15. desember 2022  
25. fundur kennararáðs  
Fundur haldinn á Teams  
Tilvísun: M22120168

**Fundarmenn:** Birgir Urbanic Ásgeirsson, Guðjón H. Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Jónína Hauksdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Kristín Jónsdóttir. Guðjón H. Hauksson og Helga Kristín Kolbeins viku af fundi kl. 14:00

**Fjarverandi:** Nöfn í stafrófsröð

**Fundarritari:** Ingileif Ástvaldsdóttir

### Dagskrá fundar:

1. Fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar.
2. Ályktanir af 8. þingi KÍ
3. Vinnuhópur kennararáðs um starfspróun kennara
4. Tillaga að kynningu á reglugerð nr. 1355/2022 um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.
5. Önnur mál

### Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins og ekki heldur við fundargerð 24. fundar og skoðast fundargerðin því samþykkt.
2.
  - a. Jónína Hauksdóttir fór yfir [ályktanir frá 8. þingi KÍ](#). Hún fór fyrst yfir [ályktun um starfsemi kennararáðs](#). Ályktuninni er beint til mennta- og barnamálaráðherra. Hún er áskorun þar sem hvatt er til endurskoðunar á 7. grein laga nr. 95/2019 um kennararáð. Umræða varð meðal fundarmanna um nauðsyn þess að fjölga fulltrúum Kennarasambands Íslands í kennararáði og að brýnt væri að kennaranemar fái fulltrúa í ráðinu. Fundarmenn ræddu hvort mætti skýra ætti hlutverk kennararáðs betur áður en fulltrúum verður fjölgað. Bent á hvort ráðið geti ekki tekið eitt lögbundnum hlutverkum sínum og gert að hagnýtum verkefni sem hægt væri að vinna að í ákveðinn tíma. Rætt um mikilvægi vinnuhópsins um starfspróun og verkefnin sem sá hópur mun geta unnið að. Umræður urðu um mikilvægi þess að kennurum stæði til boða fjölbreytt tilboð til þróunar í starfi. Einnig var Fagfélag nýliða rætt og veltu fundarmenn fyrir sér hverjir það væru sem teljast vera nýliðar í starfi?. Nefndarfolk ræddi að lokum um vegabréfið sem KÍ hefur í hyggju að gefa út fyrir kennara. Í því eiga kennarar að geta skráð

starfsþróun sína. Rætt var um hvort hægt verði að tengja það við útgáfu leyfisbréfa þannig að fáist út úr því gögn um sem sýna yfirsýn yfir starfsþróun félagsfólks.

3. Guðjón H. Hauksson gerði grein fyrir umræðum um vinnuhóps innan ráðsins sem hefði það verkefni að fylgjast með og gera tillögur að starfsþróun sem kennararáð gæti unnið að. Meginverkefnið yrðu t.d. að kortleggja tækifæri til starfsþróunar svo til yrði yfirsýn yfir starfsþróun kennara og stjórnenda og hvernig henni er mætt. [Tillögur Samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda](#) voru ræddar og hvernig kennararáð og/eða vinnuhópur á þess vegum gæti komið þeim í farveg. Í þessari umræðu var minnt á [Menntamiðju](#) og vefinn [Starfsþróun kennara](#). Í þessu sambandi var rætt um hvernig kennararáð getur komið að umræðunni um breytingar á starfsemi Menntamálastofnunar. Fulltrúum KÍ falið að vinna áfram að málinu og kynna tillögur sínar fyrir kennararáði.
4. Birgir fór yfir tillögur að kynningum á reglugerð nr. 1355/2022 um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tillögurnar lagði hann fram til umræðu. Fundarfólk lagði til að kennararáði yrði skipt í blandaða hópa sem sæju um kynningarnar á hverjum stað fyrir sig. Bent var á að með þessu móti fengjust fleiri sjónarhorn á kynningarnar en þegar aðeins fulltrúar hvers hóps/vinnustaðar fyrir sig sæju um kynninguna í eigin bakhópi. Samþykkt að sett yrði upp "lifandi" excel-skjal þar sem fólk getur komið með tillögu að fundatímum fyrir hvern hóp og skráð sig á kynningar. Mennta- og barnamálaráðuneytið mun sjá um að gera grunn að glærुकynningu sem hver hópur getur aðlagð hverri kynningu og markhópi fyrir sig. Ákveðið að ábyrgðarmaður hvers kynningar skrái í sameiginlegt skjal kennararáðs það helsta sem kemur fram í umræðum að loknum kynningum. Þær upplýsingar er hægt að nýta við endurskoðun á rammanum.
5. Önnur mál
  - a. Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn fimmtudaginn 26. Janúar 2023 kl. 13-15.

**Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14:45.**

Dagsetning

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ